

Mál nr. 213/2004

M

og

Vátryggingafélagið h.f. (V) fjölskyldutryggingar

Tannbrot þegar kona var að matast í janúar 2004.

Gögn.

1. Málskot móttengið þ. 22.10.2004. ásamt bréfum M dags. 16.8. og 18.10.2004.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna í máli tjónanr. 81-03-0644.
3. Bréf V dags. 26.8. 15.9. og 4.11. 2004.
4. Slysavottorð læknis dags. 16.6.2004.

Málsatvik.

M var að borða fasana þegar hún fékk hagl úr fuglinum og sprunga kom í tönn M. M krefst bóta úr F+ tryggingu sinni hjá V og telur að skv. vátryggingaskilmálum eins og þeir verði skýrðir eigi hún rétt á bótum. V hafnar bótaskyldu með vísan til ákvæðis í 1.tl. 6.gr. vátryggingarskilmála og telur að tannbrot sem verði þegar tjónþoli matast sé undanþegið bótaskyldu.

Álit.

Skv. 2.gr. vátryggingaskilmála tryggingar þeirrar sem hér ræðir um greiðir vátryggingafélagið bætur vegna slyss er vátryggður verður fyrir í fristundum, vkð heimilisstörf, skólanám eða við almennar íþróttaiðkanir enda leiði það til a. dauða b. varanlegrar læknisfræðilegrar örorku. c tímabundins missis starfsorku. d. tannbrots. Í 6.gr. vátryggingaskilmálanna er sérstaklega vikið að tannbroti og þar segir í 1. mgr. að vátryggingin greiði viðgerðir á heilbrigðum og vel viðgerðum tönnum, sem brotna eða laskast við slys, þó ekki vinnuslys, eða brot sem ber að höndum þegar vátryggður matast. Ákvæði 1.mgr. 6.gr. verður ekki skilið með öðrum hætti en þeim miðað við kkomusetningu að átt sé við að bæta beri tannbrot sem verða þegar vátryggður matast. Skv. 1. mgr. 6.gr. er sérstaklega undanskilið “þó ekki vinnuslys” en ekki er hægt að leggja þann skilning í ákvæðið að annað sé undanskilið í 1. mgr. 6.gr. en vinnuslys. Í umrætt sinn var M að matast og á hún því rétt á bótum miðað við fyrirbyggjandi gögn og málalíbúnað aðila.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 22.11. 2004.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.